

**AUGLÝSING****um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum  
nr. 359 26. nóvember 1974, með síðari breytingum.**

3. gr. breytist þannig:

Tölul. 1 Í stað orðanna: „68 000 sekl.“ komi: 82 000 sekl.

Tölul. 2 Fasteignagjöld:

a. Í stað orðanna: „kr. 76.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 92.00 pr. rúmm. á ári.

b. Í stað orðanna: „kr. 52.00 pr. rúmm. á ári“ komi: kr. 60.00 pr. rúmm. á ári.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af Stjórnarnefnd Laugarásshéraðs staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1975.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 438.

24. september 1975.

**GJALDSKRÁ****fyrir Rafveitu Snæfjalla og Rafveitu Reykjarfjarðarhrepps.****I. RAFORKA**

Rafveiturnar selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Notkun til búreksturs, heimilisþarfa o. fl.**

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	kr. 40 000.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW .....	— 6 000.00 á kW. á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 1.30 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu .....	— 8.00 á kWst.

**B. Vélanotkun, til skóla, radiostöðva, samkomuhúsa o. fl.**

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald .....	kr. 15 000.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 4.60 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu .....	— 10.00 á kWst.

**C. Ýmiss konar notkun.**

1. Lýsing — orkugjald .....	kr.	40.00 á kWst.
2. Um vinnulagnir — orkugjald .....	—	15.00 á kWst.
3. Kirkjur — orkugjald .....	—	10.00 á kWst.
4. Sumarnotkun, til sumarbústaða o. fl. ....	—	6.00 á kWst.

**D. Utanhússlýsing.**

1. Fast gjald á ljósker .....	kr.	800.00 á ári
Orkugjald, ómæld notkun á uppsett afl .....	—	10.00 á W. á ári

**II. MÆLALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Af mælitækjum og rofum er heimilt að taka leigu sem næst 20% af verði tækisins á ári.

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefndir ákveða heimtaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefnda, og skal það vera sem næst kostnaðarverði.

**IV. OPNUNARGJÖLD**

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 1 500.00 í opnargjald.
2. Ef fundin er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því og greitt kr. 1 500.00 í opnargjald.

**V. ÝMIS ÁKVÆÐI**

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst.-mælum í síma þegar óskað er, en reglulegur aflestur og reikningsskil fara fram ársfjórðungslega.  
Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefir borist notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgurrkunarblásara og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra straumfrekra tækja við tiltekna tíma sólarhrings.
3. Hreppsnefndum er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari í samræmi við kaupgjald og verðlag, að fenginni heimild ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

**VI. ANNÆÐ**

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalín í gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið A. Gjaldskrárverðið breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá nr. 192, 13. júní 1973, úr gildi felld.

*Íðnaðarráðuneytið, 24. september 1975.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Fóstbræðra, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. september 1975. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð Fóstbræðra.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra 4. okt. 1974 með kr. 55 000.00 — fimmtuogfimmþúsund 00/100 — til minningar um Hall Þorleifsson. Sjóðurinn er stofnaður að tilhlutan Brynjólfs Jóhannessonar samkvæmt bréfi hans dagsettu 11. janúar 1974.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja unga efnilega söngvara til framhaldsnáms.

### 3. gr.

Sjóðurinn skal ávalt vera í vörslu Karlakórsins Fóstbræðra, er annast fjárreiður hans. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi kórsins ár hvert. Sjóðinn skal ávaxta í Landsbanka Íslands, og/eða í verðtryggðum ríkisskulda-bréfum. Aldrei má veit lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins, auk vaxtatekna, skulu vera frjáls framlög og tekjur af sölu minningarspjalda.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð tveim mönnum kosnum á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra og einum frá Gömlum Fóstbræðrum, og jafn mörgum varamönnum frá hvoru félagi. Stjórnin skal kosin til þriggja ára í senn, og annist hún úthlutun styrkja.

### 6. gr.

Úthlutun styrkja úr sjóðnum má ekki fara fram, fyrr en sjóðsstjórnin telur sjóðinn það sterkan fjárhagslega, að vextir og verðbætur af höfuðstól hans, nægi til styrkveitinga. Úthlutun úr sjóðnum má eigi nema hærri fjárhæð en svarar til  $\frac{3}{4}$  hluta þessara tekna hans.

### 7. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta á aðalfundi Karlakórsins Fóstbræðra. Þó má aldrei breyta nafni hans eða megintilgangi.